



Hundaræktarfélag Íslands

Reglur og leiðbeiningar fyrir hringstjóra

Gildir frá 1. september 2006

1. Til að gerast hringstjóranemi þarf eftirfarandi:

- 1.1** Umsókn til HRFÍ á þar til gerðu umsóknareyðublaði.
- 1.2** Umsækjandi þarf að vera minnst 18 ára og vera félagsmaður í Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ). Viðkomandi skal hafa góða enskukunnáttu í töluðu og rituðu máli.
- 1.3** Umsækjandi skal hafa starfað sem ritari eða aðstoðarritari á a.m.k. tveimur sýningum á vegum HRFÍ.
- 1.4** Umsækjandi þarf að vera reiðubúinn að starfa sem hringstjóri á a.m.k. þremur sýningum HRFÍ.
- 1.5** Umsækjandi verður að hafa staðist próf, sem haldið er af viðurkenndum aðila á vegum HRFÍ. Standist umsækjandi ekki prófið er heimilit að endurtaka það einu sinni til viðbótar. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessari reglu, en þá þarf að liggja fyrir ný umsókn.

2. Þjálfun hringstjóranema

- 2.1** Hringstjóranemaþjálfun skal framkvæmd á minnst tveimur sýningum, helst hjá tveimur hringstjórum. Hringstjóranemi skal starfa a.m.k. einu sinni í hring hjá hundategundum með sérákvæði t.d. hundar sem eru mældir í stærðarflokk (púðlar og langhundar) og fullcertaðir hundar.
- 2.2** Þjálfun getur einungis farið fram hjá hringstjóra, sem hefur fullgild réttindi og hefur unnið á minnst þremur sýningum.
- 2.3** Hringstjórinn gefur skriflega umsögn á þartilgerðu matsblaði um störf hringstjóranemans á viðkomandi sýningu. Hringstjórinn skal mæla með eða á móti viðurkenningu hringstjóranemans.
- 2.4** Umsögn hringstjórans um hringstjóranemann er trúnaðarmál og skal skilað til sýningarstjórnar HRFÍ til umfjöllunar strax að lokinni sýningu. Sjái sýningarstjórn sér ekki fært til að fjalla um málið er leyfilegt að senda málið áfram til stjórnar HRFÍ til umfjöllunar.

3. Viðurkenning hringstjóraefnis

- 3.1** Þegar hringstjóranemaþjálfun er lokið og viðurkennd af sýningarstjórn HRFÍ, getur hringstjóraefni hafið störf.
- 3.2** Hringstjóraefni má einungis starfa á sýningum HRFÍ en ekki á deildarsýningum félagsins.

4. Starf hringstjóraefnis

- 4.1 Hringstjóraefni skal starfa á minnst þremur sýningum HRFÍ þar sem minnst 150 hundar eru sýndir og einnig koma fyrir hundar með sérákvæði t.d. hundar sem eru mældir í stærðarflokk (púðlar og langhundar) og fullcertaðir hundar.
- 4.2 Æskilegt er að hringstjóraefni starfi hjá skandinavískum dómurum, þar sem þeir nota svipað sýningarkerfi og HRFÍ og þekkja til hringstjóraþjálfunar.
- 4.3 Hringstjóraefni starfar sjálfstætt í dómhring.
- 4.4 Dómarinn gefur skriflega umsögn um störf umsækjanda á þartilgerðu matsblaði. Umsögn, ásamt úrvinnslu gagna úr hring verða afhent sýningarstjórn að lokinni sýningu til yfirlestrar og umfjöllunar.

5. Meðhöndlun gagna um hringstjóraefni

- 5.1 Gögn um störf hringstjóraefnis eru yfirfarin af sýningarstjórn, sem mælir með eða á móti um viðurkenningu hringstjóraefnis. Stjórn HRFÍ tekur endanlega ákvörðun um viðurkenningu.
- 5.2 Stjórn skal tilkynna skriflega til viðkomandi viðurkenningu um hringstjóraréttindi. Þá munu nöfn þeirra sem hafa réttindi til að starfa sem hringstjóri vera aðgengileg t.d. á vefsíðu félagsins og í Sámi.
- 5.3 Ef lágmarksstörf hringstjóraefnis eru ekki fullnægjandi hefur viðkomandi rétt til þess að endurtaka störf aðeins einu sinni til viðbótar.

6. Viðhald á réttindum

- 6.1 Réttindi hringstjóra falla úr gildi ef viðkomandi hættir í HRFÍ eða greiðir ekki félagsgjald.
- 6.2 Réttindi hringstjóra falla úr gildi fá viðkomandi réttindi sem sýningardómari eða hefur ekki starfað sem hringstjóri í þrjú ár.
- 6.3 Til að viðkomandi geti endurheimt réttindi sín þarf hann að endurtaka nám og þjálfun með fullnægjandi hætti.

7. Undanþágur

- 7.1 Stjórn Hundaræktarfélagss Íslands er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í þessum reglum.

Siðareglur og ábyrgð hringstjóra

Hringstjóri með réttindi frá Hundaræktarfélagi Íslands gegnir mikilli trúnaðar og ábyrgðarstöðu innan félagsins. Því má aldrei ríkja efi eða óvissa um réttssýni og hlutlægni viðkomandi. Gagnkvæmt traust og trúnaður þarf að ríkja á milli Hundaræktarfélag Íslands og hringstjóra.

Hringstjóri er gestur sýningarhaldara. Beiðni um að starfa á sýningum félagsins er vottur um trúnað sem kallar á skuldbindingu gangvart undirbúningsaðilum. Hringstjóri má hvorki sleppa því að mæta né mæta of seint á sýningu. Gerist það, án afboðunar eða óviðráðanlegra aðstæðna, má endurskoða réttindi viðkomandi.

Ábyrgð gagnvart sýnendum

Leggja skal áherslu á að koma eins fram við alla; jafnframt hjálpa og leiðbeina þeim sem eru augljóslega byrjendur. Ef hringstjóri starfar í hring þar sem „hans“ hundategund er sýnd, verður að leggja áherslu á að koma eins fram við alla. Forðast skal að hvetja einn hund umfram aðra. Gæta þess sérstaklega að rökræða ekki um hundana við dómara undir slíkum aðstæðum. (Dómarinn skal í raun ekki rökræða hunda við aðra en dómaranema).

Sýna skal öllum sýnendum vinsemd og þróðmennsku og vinna starf sitt af öryggi. Sýnandi sem reynir að ná tali af dómara, án þess að dómari hafi ávarpað hann fyrst, skal gerð grein fyrir að öllum fyrirspurnum/samræðum skuli beint til hringstjóra. Reyni sýnandi að skýra frá einhverjum af fyrrum verðlaunum hundsins, er það út af fyrir sig ábyrgð dómarans að vísa slíku frá sér. Hringstjóri getur, ef aðstæður leyfa, gert viðkomandi grein fyrir að slíkt er algjörlega bannað og í grófari tilfellum kallað til sýningastjóra eða sent inn skýrslu um viðkomandi sýnanda.

Ábyrgð gagnvart dómara

Dómari er yfirmaður í hring og ber endanlega ábyrgð þó að viðurkenndur hringstjóri eigi að hafa betri þekkingu á gildandi sýningarreglum viðkomandi félags. Þegar dómari gerir mistök með tilliti til sýningarreglna, skal honum kurteislega gert grein fyrir því. Ef málið er tiltölulega alvarlegt, skal hringstjóri – án þess að valda uppnámi – leita ráða hjá sýningastjóra. Hringstjóri skal ekki grípa inn í starf dómarans.

Ábyrgð gagnvart áhorfendum

Áhorfendur eru ekki alltaf sammála því sem fram fer í dómhring og gætu reynt að koma með athugasemdir til hringstjóra. Sýna skal kurteisi en ekki láta slíkar viðræður tefja fyrir og beina viðkomandi annað eða benda á að betra sé að ræða málin þegar dómur er búinn. Óheimilt er að ræða við dómara á meðan hann er við störf í dómhring.

Óviðkomandi einstaklingum er ekki heimill aðgangur að hringnum nema með leyfi frá hringstjóra í viðkomandi hring g. Þetta á jafnframt við um aðra dómara og starfsmenn sýningar. (Þetta á ekki við um hringstjóra sem fer inní annan hring til að ná í sýningargögn s.s. sýningarborða).

Starfandi hringstjóri skal einnig gæta þess að fara ekki inn í annan dómhring til að ræða við samstarfsmann. Heldur skal kalla viðkomandi starfsmann út á hliðarlínu hrings ef þörf er á að ráðfæra sig við hann.

Ef hringstjóri (sjá sýningarreglur kafla VI. 1.gr.) mætir sem sýnandi inn í hring, er mikilvægt að hann tjái sig ekki um aðra hunda eða sýnendur og sýni hlutleysi gagnvart dómara og hringstjóra.

Hringstjóra leyfist ekki að tala á neikvæðan hátt um störf dómara, sem hann hefur starfað fyrir. Telji hringstjóri að eitthvað hafi misfarist í dómhring, skal það tilkynnt sýningarstjórn og ekki rætt við aðra.

Reykingar og neysla áfengis er bönnuð á sýningarsvæðinu.

UMSÓKN HRINGSTJÓRANEMA

Nafn umsækjanda:

Heimilisfang:.....

Póstnúmer:.....Sími:.....GSM.....

Kennitala:.....Félagsmaður HRFÍ síðan.....

Hef starfað á sýningu HRFÍ sem (ritari/aðstoðarritari): já/nei.....

Hvenær:.....

.....
Staður, dagsetning

.....
Undirskrift umsækjanda

Fyllist út af sýningarstjórn:

Bóklegu prófi lokið.....

RAPPORT FRA DOMMER OM RINGSEKRETÆRASPIRANT

Ringsekretærspirant:

Utstillingsdato:

UTTALELSE FRA DOMMER:

Ringsekretærarbeide: Meget godt Godt Mindre godt

Opptreden i ringen: Meget god God Mindre god

Kommentarer:.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

ANBEFALES AUTORISASJON: JA / NEI (begrunnes)

.....

.....

Aspirantarbeidet omfattet følgende raser og antall fremmøte hunder:

.....

.....

.....

.....

.....
Dommerens underskrift

JUDGES REPORT ABOUT STUDENT RINGSTEWARD

Aspiring ringsteward:

Date of show:

JUDGES COMMENTS:

Ringstewarding work: Very Good Good Satisfactory

Conduct in the ring: Very Good Good Satisfactory

Other comments:.....

.....

.....

.....

.....

.....

Recommend Authorization: YES / NO (explain)

.....

.....

Aspiring ringsteward's work included the following breeds and number of dogs:

.....

.....

.....

.....

.....
Judges signature

UMSÖGN FRÁ HRINGSTJÓRA UM HRINGSTJÓRANEMA

Hringstjóranemi:

Dagsetning sýningar:.....

UMSÖGN FRÁ HRINGSTJÓRA:

Pekking nemands á sýningarreglum og hringstjórastörfum:

Mjög góð Góð Mætti vera betri

Framkoma í hring: Mjög góð Góð Mætti vera betri

Mælt með viðurkenningu: JÁ NEI (útskýra nánar)

.....
.....
.....

Aðrar athugasemdir:.....

.....
.....
.....
.....
.....

Nemi starfaði við dóma á eftirfarandi tegundum:

.....
.....
.....

.....
Undirskrift hringstjóra